

Raforkumálastjóri
Jarðhitadeild

Bráðabirgðaskýrsla

um

Rannsóknir á Reykjanesi 1963

eftir

Jón Jónsson

Júlí 1963

Jón Jónesson

Bráðabirgðaskýrsla

um

Rannsóknir á Reykjanesi 1963

Inngangur

Svæði það, sem þessar athuganir ná til er Reykjanes í þrengri merkingu og takmarkast í stórum dráttum að norðan af línu, sem hugsast dregin úr hæðinni norðan við Stóru Sandvík í toppinn á Sandfellshóu og þaðan í Sandvík við Háleyjar sunnan á neinu.

Af þessu svæði eru ekki til jarðfræðikort önnur en yfirlitskort Þorvaldar Thoroddsen, kort Guðmundar Bárðarsonar (í handriti) og lokks kort Guðmundar Kjartanssonar frá 1962 í melikvarða 1:250 000. Við gerð þess korts er stuðst við óður nefnt kort Guðmundar Bárðarsonar. Önnur kort, sem til eru við vegar í bókum, eru annað hvort tekin eftir þessum kortum eða þannig úr garði gerð, að heppilegast virðist að hylja þau hinni mildu blaðju þagnarinnar.

Jarðfræði

Elasti hluti þessa svæðis eru lág fell, sem liggja í röð eftir því nokkurn veginn miðju frá norðaustri til suðvesturs. Vestast eru Valahnúkar þá Bújarfell og austast Sýrfell. Ekki hafa þessi fjöll verið athugut (sérstaklega) nema lauslega. Valahnúkar og Bújarfell eru úr móbergspursa með ivafi af bólstrabergi og með tifflögum í eins og oft kemur fyrir í móbergsmýnduninni. Austur af Bújarfelli er dálitil hæð norðan við hverasvæði og austan við veginn

og er hún úr bólstrabergi. Föllin þar austur af eru móbergsfjöll sums staðar með basaltþekju á kollinum. Þannig er t.d. um Sýrfell, en það er þeirra mest. Áð þessu leyti eru þetta stapar (table mountain) og byggð á sama hátt og t.d. Langahlíð austan Kleifarvatns. Hér er gengið út frá að þessi fjöll séu kvarter eins og að líkkindum allar bergmyndanir á yfirborði Reykjanesskaga frá Ingólfssfjalli og vestur úr, og án nokkurs efa eru þessi fjöll elstu myndanir á því svæði, sem hér verður um rætt. Í beinu áframhaldi af þessum fjöllum er Sandfell og Stapafell. Sennilega tilheyra þau sömu myndanasériu.

Hraun og eldstöðvar

Nesið er að Öðru leyti þakið hraunum, sem öll eru runnin eftir ísöld. Þitthvað af þeim kann að hafa runnið eftir að land byggðist, en aðeins óljósar sagnir eru af því.

Elast þessara hrauna eru dyngjuhraunin, en um aldur þeirra innbyrðis verður að svo komnu málí ekki fullyrt nema hvað við víkur Háleyjabungu og Skálafelli, og verður að því vikið síðar. Í þessu svæði eru fjórar dyngjur. Vestast og sunnan á nesinu eru Skálafell og Háleyjabunga. Þar norðaustur af er Sandfellshæð, en aðeins hún og Háleyjabunga eru raunar ekta dyngjur svo ekki verður um deilt. Loka hafa mikil hraun komið upp norðan við Kinn á þeim stað, sem á korti herforingjaráðsins er nefnt Langhólli. Samkvæmt þessu hef ég valið að nefna það Langhólshraun. Tekmörk þess við hraunin frá Sandfellshæð eru með öllu óljósi. Þessi hraun eru svo lík að vafasamt er hvort hægt er að greina þau hvort frá Öðru. Þetta eru í raun og veru grágryftishraun og a.m.k. sér með berum augum nauða lík t.d. Mosfellsheiðar grágrytinu og grágrytinu á Sláttu.

Háleyjabunga hefur gosið ólivin basalt hraunum. Sum hraunin eru jafnvel græn af ólivini. Þau eru flest mjög þunn og hafa lagst hvert ofan á annas án millilaga nema hvað smá linsur af rauðbrenndri ösku koma fyrir á stöku stab.

Skálafell er og dyngja og er hún a.m.k. að verulegu leyti yngri en Háleyjabunga, því hraun frá Skálafelli hafa runnið yfir hluta af Háleyjabungu að vestan. Síðasta gosið í Skálafelli er að öllum líkendum tiltölulega ungt, og jafnvel hugsanlegt að það hafi komið eftir að land byggðist. Vist er að síðasta hraunið frá Skálafelli er eina hraunið sunnan á nesinu, sem sannanlega er yngra en aðal misgengið, sem liggur um Háleyjabungu vestanverða og austan við Skálafell (sjá kortið). Það hefur komið úr stórum gig, sem nú er toppur fjallsins og nær aðeins niður að síður nefndu misgengi subaustan í fjallinu. Gígrinn er aflangur frá norðaustri til suðvesturs og suðvestan við hann vottar fyrir örðum gig. Síðasta gosið virðist í raun og veru hafa komið úr sprungu í ofanverðu fjallinu.

Langstersti gígrinn á þessu svæði Öllu er á toppi Sandfellshæðar. Það er geysimikil dyngja þó ekki sé hún há. Þaðan hafa hraun runnið í allar áttir, en þau eru nú að sunnan hulin yngri hraumum. Suðaustan í Sandfellshæð er annar gígr mikil minni og hefur hann gosið sama hrauni og dyngjan. Misgengi og sprungur liggja um eiginn þveran. Af því er ljóst að þar hefur ekki gosið frá því að sprungurnar mynduðuast. Sama gildir raunar þessi um Langhól og Háleyjabungu.

EKKI verður vart millilaga í dyngjuhraununum nema eins og ðað er getið um Háleyjabungu, og svo er öskulag milli hrauna sem runnið hafa frá Skálafelli sýnilegt í misgengima þar austar af. Það er $0,5=1$ m þykkt viðast hvar, og má rekja það nokkur hundruð metra a.m.k. Ofan á því eru eitt eða tvær hraun.

Langflest gosin á þessu svæði eins og raunar eru skaganum öllum hafa verið sprungugos. Eftir norðanverðu nesinu endilöngu liggja tvar gígaröðir, sem báðar virðast bera heitið Stampar. Vestri röðin er eldri og eru hraunin frá henni að miklu leyti hulin hraunum frá hinni yngri. Þessi hraun nefni ég að svo stöddu Stampahraun eldri og yngri. Báðar gígaröðirnar hafa nás út í sjó. Vestasti gíkur nyrðri ráðarinnar er nú að hálfu niðurrifinn af sjó, en gangar tveir punnir liggja frá hinni út í sjó, og má í sjávarhömrnum sjá hvernig gangarnir liggja beint upp í efsta hraunlagið, yngsta hraunið á utanverðu nesinu.

EKKI ER ÓLÍKLEGT AÐ GOS BETTA KUNNI AÐ HAFA ÍTT SÉR STAÐ Á 13 ÖLD, NÁNAR TIL TEKIÐ 1240, EN VISSA ER EKKI FYRIR ÞVÍ. Þá virðist hafa gosið á fleira en eimum stað, því heimildir segja að "hálft Reykjanes brann". Ef til vill gusu Stampar (yngri) og Eldvörp sunnan Sandfellsháðar santi mis, en svo er að sjá sem þau séu yngst hraunanna í nesinu.

Örskammt frá norðausturenda Stampa er þróðja gígaröðin, sem virðist nafnlaus. Hún er skammt vestan við Hauksvörðugjá og er því hér nefnd Hauksvörðugígir og hraunið Hauksvörðuhraun. Það er eldra en bæði Stampahraun yngri og Eldvarphraun. Hraunið hefur aðallega komið úr vestasta gígnum í röðinni og breiðst út vestur með Sýrfelli og fallið suður með því að austan og staðanumst við misgengið austur af Háleyjabungu. Eru mið talin mestu hraunin, sem hér koma við sögu, en varðandi hin vísast til kortsins. Nokkrar fleiri eldatöðvar eru einnig á þessu svæði og má sjá þær á kortinu, en hraun frá þeim annað hvort lítil eða mjög hulin yngri hraunum og sum jafnvel alveg, svo að ekki sér nema gígina sjálfa.

Tektonik

Austur af Stóru Sandvík og norðan við hana ganga misgengissprungur norðaustur eftir heiðinni. Vafalaust á víkin þessum sprungum tilveru sína að þakka. Aðal misgengið er mjög áberandi vestur við sjóinn norðan megin víkurinnar og fylgja því mörð minni háttar misgengi, sprungur og niðurföll. Sprungur án misgengis eru einnig norðan við aðal misgengið. Þegar austar dregur verður aðal misgengið óljóst og leysist upp í mörð minni háttar misgengi, sem geta verið nokkuð óregluleg, en yfirleitt er signa spildan austan sprungnanna á 1-1,5 km breiðu svæði, en þá tekur það að snúast við og myndast þannig sigdalur all breidur austur af Stóru Sandvík. Norðurhlíð þessa sigdals er það sem á korti herforingjaráðsins (1:50 000) er nefnt Kinn.

Hauksvörðugígir eru á einni af misgengissprungunum gegnt Kinn, og þar er vestur barmur sprungunnar sigrinn. Þarna hefur sigið eftir að gosinu lauk, en vera má að sigið hafi einnig verið byrjað áður en gosið hófat.

Norðaustur af austurenda gígaraðarinnar er allstórt spilda, sem ekki hefur sigið. Hún myndar því eins konar "horst" milli sigdals þess er áður var getið og Hauksvörðugjár, en það er all mikill sigdalur vestan við Sandfellsháð. Vestur af Hauksvörðugjá og lítið eitt til hlíðar við hana er Tjaldstabagjá. Þar er mesta sigið á þessu svæði öllu og liggur botn Tjaldstabagjár 25-30 m lægra en vesturbarmur Hauksvörðugjár. Sigdalur þessi heldur svo áfram vestur úr og líklega liggur misgengið um austurhlíð Sýrfells og fellanna þar vestur af og vestur í suðurhlíð Valahmíka. Austurbrún sigsins er þá Valbjargargjá og brotlimurnar, sem liggja um vestanvert Skálafell. Austan Skálafells er svo annað allmikit misgengi, en ekki verður

séð hvernig sambandi þessara sprungukerfa er háttar sökum þess að þau eru svo mjög hulin yngri hraunum. Ekki er ástæða til þess að efast um að þetta sé í raun réttri eitt og sama sprungukerfið og áframhald Reykjaneshryggsins ofan sjávar. Á þessu svæði eru víða sigdalir, sem kalla verður "Graben". Þeir eru af mjög mismunandi stærð og útliti. Hitt virðist mjög svo vafabundin hvort telja beri sprungusvæðið allt sem "Graben" eða ekki.

Grunnvatnið

Á öllu því svæði, sem hér verður tekið til meðferðar er vatn ekki til á yfirborði nema á hverasvæðinu og þó mjög lítið þar. Sjör fellur langt inn í Valbjargargjá og eins í gjár austan við það svæði sem kortið nær yfir. Þegar flöð er sjávar verður tjörn allstórn en grunn í Stóru Sandvík rétt vestan við veginn. Sé grafið í sandinn þar fæst vatn með um 860 ppm Cl.

Til þess að vinna ferskt vatn með borunum á þessu svæði virðist álitlegast að bora í Hauksvörðugjá nálægt vesturbarmínnum eða í Tjaldstaðagjú. Raunar virðist sá möguleiki heldur ekki útileikabur að fá megi heitt vatn á þessum slóðum.

Annar staður sem gefur samilegar vonir um að þar megi fá ferskt vatn er austur af Stóru Sandvík í sigdalnum sem þar verður. Ráblegt er að bora sem fjarst sjó og varla nær en 1-1,5 km. Gera verður ráð fyrir 35-50 m borun á hvorum stað, í Hauksvörðugjá jafnvel yfir 60 m.